

Stjórnarfundur TKÍ 28. júlí 2008

Mættir:

Hlynur Örn Gissurarson

Trausti

Auður G. Sigurðardóttir

Fundur settur kl. 18:00

1. Formaður og Björn Þorleifsson hittust núna í júlí og ræddu næstu stórmót sem framundan eru varðandi landsliðið. Norðurlandamótið 24.janúar 2009, Trelleborg open sem er haldið í febrúar 2009. Áhugi er á að senda góðan hóp á það mót. Hugmynd um að senda 3 úr A-landsliðinu og 2 úr ungir og efnilegir á vegum TKÍ. Landsliðsþjálfarar velja hverjir það verða. Koma verður á hreint áður en skráningarfrestur rennur út og finna hagstæð gjöld á flugmiða og svo framvegis.
2. Formannafundur var boðaður á morgun 29.júlí kl. 18 í húsnæði ÍSÍ. Þar verður rætt m.a.
 - a. Íslandsmótið í Poomse sem haldið verður væntanlega í nóvember 2008.
 - b. Ræða mót sem eru væntanleg og dagsetningar á þeim mótum í samráði við félögin.
 - c. Kynning á íþróttinni. Nýliðun fer af stað núna með haustinni og hvort félögin hafi áhuga á að TKÍ auglýsi íþróttina t.d. veggspjöld, auglýsingar í blöðum, skjáauglýsingar, í kvikmyndahúsum eða á hvaða hátt sem best er og myndi ná til fólks á áhugaverðan hátt.
 - d. Landsliðsæfingar. Hafa félögin áhuga á að senda fleiri af sínum fólki á landsliðsæfingar.
 - e. Hjá skráningarkerfi Felix hjá t.d. Fram eru klárlega fleiri skráðir en eru virkir iðkendur. Athuga þarf hvernig er hægt að fá réttan fjölda svo félögin séu ekki að borga fyrir fleiri en eru iðkendur hjá félögunum. Finna einhverja leið til að finna réttar tölur og leiðréttu í kerfinu.
 - f. Passar. Hvetja félögin að fá iðkendur til að fá sér passa hjá TKÍ. Allir iðkendur ættu að vera með passa þegar þeir keppa á mótum og einnig þegar farið er í æfingarbúðir. Passarnir eru aðgengilegir hjá verkefnastjóra TKÍ og kosta 2000 krónur.
 - g. Önnur mál sem félögin vilja koma á framfæri.
 - h. Tilnefna fólk úr félögunum til aðstoðar á Norðalandamótinu 2009.
 - i. Tillaga varðandi að láta útbúa TKÍ merki og þau eru borin á búningum iðkenda allra félaga.
3. Sverrir Tryggvason er búinn að taka að sér að halda utan um Norðalandamótið næstkomandi sem mótstjóri.
4. Trausti er að athuga agamálin og sendi stjórninni tölvupóst í dag varðandi málið. Farið verður betur yfir það á næsta fundi.
5. Mál sem tekin voru fyrir á síðasta stjórnarfundum (sjá fundargerð 18.júní 2008) verða tekin betur fyrir á næsta stjórnarfundum.
6. Stutt skýrsla frá Lýð:

.....(sjá gmail)

7. Athugasemdir komu varðandi fyrirvara á fundum og fundarboðum. Samþykkt að koma þeim málum í betra horf og skipuleggja betur fundardagskrá með viðeigandi fyrirvara.
8. Hugmynd um að gera eitthvað fyrir Erling sem þakklætisvott fyrir hans störf fyrir Taekwondo á Íslandi. Hugmynd t.d. um að bjóða honum eina helgi t.d. þegar einhver mót eru eða eitthvað álíka. Stjórnarmenn hvattir til að koma með hugmyndir.

Næsti fundur boðaður miðvikudaginn 13.ágúst 2008 kl. 18 á skrifstofu TKÍ Engjavegi 6.

Fundi slitið 19:06